

Ármann Helgason lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1988 og voru aðalkennarar hans þar Einar Jóhannesson og Sigurður I. Snorrason. Ármann stundaði framhaldsnám við Royal Northern College of Music í Manchester og hjá prófessor John McCaw í Lundúnum. Hann hefur leikið með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum og hefur tekið þátt í námskeiðum meðal annars hjá Walter Boeykens og Jack Brymer. Síðastliðinn vetur dvaldist Ármann um skeið í Kjarvalsstofu í París og sótti þá tíma hjá Philippe Cuper.

David Knowles, sem hefur verið búsettur á Íslandi síðastliðin tíu ár, lauk prófi frá Royal Northern College of Music í Manchester með undirleik sem sérgrein. Hann hefur tekið þátt í fjölda námskeiða, meðal annars hjá Peter Pears, Dalton Baldwin, Gerard Sousay og Geoffrey Parsons. David Knowles hefur oft komið fram, bæði héraðs og erlendis. Þeir Ármann og David hafa unnið saman um nokkurt skeið og tóku meðal annars þátt í Listahátíð Hafnarfjarðar í fyrra.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ármann Helgason

klarinetttuleikari

og

Davíð Knowles

píanóleikari



30. júní 1992 kl. 20:30

Darius Milhaud var einn meðlima „Les Six“. Hann var mjög opinn fyrir áhrifum frá öllum menningarsvæðum, áleit sig tónlistarmann „sem ætti heimaland er næði frá Jerúsalem til Ríó“, og notaði í tónlist sinni meðal annars jass frá norður Ameríku og suður-ameríska dans-rytma. Eftir Milhaud liggur mikill fjöldi verka, um 440 talsins. „Duo Concertant“ er í einum kafla sem skiptist í þrjá hluta: Vif - Modéré - Vif.

Claude Debussy skrifaði „Première Rhapsodie“ upphaflega sem prófverkefni fyrir klarinettunemendur Tónlistarháskóla Parísarborgar árið 1910. Rapsódían er mjög í anda impressonismans, en seinna færði Debussy píanóröddina í hljómsveitarbúning. Inngangurinn er merktur „Rêveusement lent“ (hægt og dreymandi) og á eftir fylgja hraðari scherzando kaflar.

Olivier Messiaen skrifaði „Kvartett fyrir endalok tímans“ (Quatuor pour la fin du temps) er hann var stríðsfangi Þjóðverja í Görlitz í seinni heimstyrjöldinni. Í fangabúðunum voru sellóleikari, fiðluleikari og klarinettuleikari og sjálfur var hann píanóleikari. Fyrir þessa hljóðfæraskipan samdi Messiaen kvartettinn sem var frumfluttur í fangabúðunum 15. janúar 1941. Upphafshugmyndin að verki þessu var kaflinn úr Opinberun Jóhannesar sem segir frá því er engillinn tilkynnir um endalok tímans, heimsenda. Einleikskafllinn „Abîme des Oiseaux“ (Hyldýpi fuglanna) lýsir annars vegar „hyldýpi tímans, sorg þess og mæðu“ og hins vegar fuglunum sem tákna þá andstæðu tímans.

Meðal síðustu verka Saint-Saëns voru þrjár sönötur fyrir óbó, fagott og klarinetu með píanóundirleik. Þær eru allar samdar í anda klassísku stefnunnar, en hver þeirra hefur þó sín sérkenni.

„Scaramouche“ var upphaflega samið sem leikhústónlist, en síðar umskrifaði Milhaud hluta verksins fyrir tvö píanó og einnig fyrir klarinetu og píanó - fyrir Benny Goodman. Fyrsti kafllinn minnir á persónur „Commedia dell'Arte“ leikjanna, t.d. Pierrot og Scaramouche sem eru sérvitir og ærsla-fullir. Moderato kafllinn er nokkurs konar endurómur hins alþýðlega „chanson française“. Í lokin hverfur Scaramouche af sviðinu sem fyllist af sambadönsurum.

Efnisskrá

Darius Milhaud (1892 - 1974)	Duo Concertant (1956)
Claude Debussy (1862 - 1918)	Première Rhapsodie (1910)
Olivier Messiaen (f. 1908)	Abîme des Oiseaux úr „Quatuor pour la fin du temps“ (1941)
Camille Saint-Saëns (1835 - 1921)	Sonate op. 167 (1921) Allegretto Allegro animato Lento Molto allegro
Darius Milhaud	Scaramouche (1942) Allegro Moderato Brazileira